



MENNINGARSTEFNA 2024-2030

Sveitarfélagið Hornafjörður




Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

MARKMIÐ MENNINGARSTEFNU ER AÐ LEIÐA ÖFLUGT
MENNINGARSTARF Í SAMSTARFI VIÐ ÍBÚA
SVEITARFÉLAGSINS ÞAR SEM HORFT ER TIL ÓLÍKRA ÞÁTTA
MENNINGARINNAR.

STEFNAN ER BYGGÐ Á HEIMSMARKMIÐUM SAMEINUÐU
ÞJÓÐANNA.

EFNISYFIRLIT



01

Inngangur

02

Leiðarljós

03

Menningarstefna

01 INNGANGUR

Sveitarfélagið Hornafjörður styður við menningu og listir á fjölmarga vegu hvort sem litid er til styrkja eða viðburðahalds. Sveitarfélagið rekur Menningarmidstöð Hornafjarðar og innan hennar eru starfrækt fimm söfn ásamt atvinnu-, ferða- og rannsóknarsviði sem starfar þvert á einingarnar. Söfnin eru byggða-, lista-, bóka-, héraðsskjala-, náttúrugripa- og sjóminjasafn. Listasafnið er með góða sýningaradstöðu og þar eru settar upp nokkrar sýningar ár hvert; bóka- og skjalasafnið eru með aðstöðu í Nýheimum en betra sýningarrými vantar fyrir byggða-, náttúrugripa- og sjóminjasafnið. Fjölbreyttri menningarstarfsemi er viðhaldið í sveitarfélaginu með góðri félagslegri virkni einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Upplifun og hughrif íbúa eiga stóran þátt í menningarlífi samfélagsins þar sem ægifögur náttúran fyllir andann af sköpunargleði. Þungamiðja menningarlífs eru hin ýmsu félagasamtök og tónlistarfólk, kórar, leikfélag, gallerí, listamannastofur og veitingahús. Ár hvert má sækja heim viðburði í Sveitarfélaginu Hornafirði og er þar fyrst að nefna Humarhátíð á Höfn. Hátíðin er haldin undir merkjum humarsins enda Höfn þekkt fyrir veiðar og vinnslu á humri sem var eitt af einkennum bæjarins. Hátíðin er haldin síðustu helgina í júní og er vel sótt af heimamönnum, brottfluttum Hornfirðingum og öðrum gestum. Þorrablót eða góuhóf eru haldin í hverri sveit og sjómanna dagurinn er haldinn hátíðlegur ár hvert. Blúshátíð er árleg tónlistarhátíð og þar er tónlistarmenningin í hávegum höfð. Nemendatónleikar tónskólans og árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar og Hofgarðs er veisla fyrir heimamenn þar sem mikið er lagt í skreytingar, leik og tónlistarflutnings nemenda, öflugt starf með börnum og ungmönnum er besti grunnurinn fyrir menningarstarf framtíðarinnar. Vöruhúsið er fyrir alla sem vilja læra og vilja skapa, hanna og þróa í hvers konar listum, handverki og tómstundum. Þar fá nemendur í grunn- og framhaldsskólum aukið aðgengi að handverki og listum í námi sínu.

02 LEIÐARLJÓÐ

Markmið

Menningarstefna sveitarfélagsins hefur fjölmarga snertifleti þar sem litid er til hinna ýmsu geira samfélagsins. Menningarmál eiga upp á borðið hjá öllum sviðum sveitarfélagsins en langflest eru þau inn á svið menningarmála sveitarfélagsins. Í aðgerðaáætlun stefnunnar má sjá hvaða svið koma að hvaða málaflokki hennar. Markmið menningarstefnu Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að öll eigi jöfn tækifæri á að njóta, skapa og móta menningu og að vera bæði þátttakendur og neytendur lista.

Stjórnsýsla menningarmála

Menningarstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar gildir til ársins 2030. Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar fer með yfirstjórn menningarmála í sýslunni. Þar líkt og annar staðar er unnið eftir reglugerðum og lögum um menningarmál á svæðinu. Bæjarstjórn skipar nefndarmenn samkvæmt sveitarstjórnarlögum í menningarmálanefnd sem sér um að stefnu í menningarmálum sé framfylgt. Starfsmaður málaflokksins er forstöðumaður Menningarmidstöðvar Hornafjarðar.

Hugtakanotkun

Menning og listir eru notuð í víðu samhengi þar sem undir falla málefni menningararfs, listgreina, hönnunar, og viðburða. Aðgengi er notað til að skilgreina aðgengi hvort sem litid er til aðgengis að mannvirkjum eða aðgengi að viðburðum að upplýsingum eða samskiptum. Inngilding felur í sér að fólki sem annars gæti verið útilokað frá tækifærum eða úrræðum vegna t.d. fötlunar, kynþáttar, trúarbragða eða tungumáls sé tryggður aðgangur.



03 MENNINGARSTEFNA

01



FJÖLBREYTTILEIKI

Áhersla er lögð á fjölbreytileika með því að eiga samtál við íbúa um menningu og listir, sérstaklega er reynt að ná til fólks með annan menningarbakgrunn og tungumál, einnig þeirra sem eru jaðarsettir og í viðkvæmri stöðu.

- Lögð er áhersla á að styðja við sjálfstæð menningarverkefni þar sem fjölbreytni og inngilding eru lykilatriði.
- Menningarlífidi á að vera öllum opið, að öll eigi sinn hlut af menningunni og er barnamenning þar í hávegum höfð.
- Listafólk hefur frelsi til listrænnar tjáningar, listin er ekki miðstýrð, hún hefur gildi í sjálfri sér og þannig skapar sveitarfélagið svigrúm fyrir þróun og vöxt.

02



MENNINGARSTOFNANIR, SÖFN OG SÝNINGAR

Stefnt er að því að gera menningarstofnanir, söfn og sýningar að mikilvægum þætti í daglegu lífi íbúa og upplifun gesta.

- Stuðningur við uppbyggingu og starfsemi menningarstofnana.
- Aukið samstarf menningarstofnana á landsvísu.

03



UMHVERFIÐ OG SJÁLFBÆRNI

Sveitarfélagið leitast við að vera umhverfisvænn gestgjafi þar sem frjállega er skipst á hugmyndum og fjölbreytileikanum er fagnað.

- Dregið úr vistspori í lista- og menningarstarfsemi.
- Stefnan sett á sjálfbærni.

04



SÉRSTAÐA

Nýta skal sérstöðu sveitarfélagsins til að fjölga einstökum viðburðum til að auðga mannlíf sveitarfélagsins.

- Litrikt og framsækið lista- og menningarlíf.
- Áhugaverðar sýningar og viðburdir.
- Tenging við náttúru og sögu samfélagsins.

03 MENNINGARSTEFNA

05



EFLUM ATVINNULÍFIÐ

Nýta skal þau tækifæri sem menning hefur upp á að bjóða til að auðga atvinnulíf sveitarfélagsins.

- Auka nýsköpun og frumkvöðlastarf í menningarstarfsemi.
- Styrkja menningu í sveitarfélaginu.
- Stydja við uppbyggingu ferðamannaídnadarins.

06



BÆTT VELLÍÐAN

Menningu skal nýta til að bæta vellíðan í samfélaginu þar sem þekking á uppruna og sögu er mikilvægur þáttur.

- Öll fá tækifæri á að móta menninguna.
- Virkt þátttaka í menningarstarfi sveitarfélagsins, viðburðahaldi og menningarlífi.

07



AÐGENGI OG INNGILDING

Menning skal standa öllum opin, vera aðgengileg og inngildandi og þýðing þess er að tryggður er aðgangur fyrir öll í þeirra nærumhverfi hvort sem litid er á þátttakandann sem áhorfanda, þátttakanda eða listamann, sérstaklega sé hugað að jafnarsettum hópum og unnið með öllum hagsmunaaðilum, opinskátt og af virðingu og heilindum. Áhersla er lögð á:

- Auðvelt aðgengi.
- Öll fá tækifæri á að móta menninguna.
- Að vera fyrirmynd í samstarfi.
- Sameiginleg vildleitni og kraftur þar sem ábyrgð og tækifærum er deilt.
- Menningararfleifð varðveitt.
- Studlað að endurspeglun fjölbreytileika.
- Hvetja og hlúa skal að skapandi hæfileikum og eldmóði.
- Að ungmenni upplifi fjölbreytta menningu og skapandi reynslu.

08

INNLEIÐING OG ÁRANGUR

Forstöðumaður Menningarmidstöðvar Hornafjarðar vinnur að gerð stefnunnar með Atvinnu- og menningarmálanefnd sem setur svo fram tillögu að menningarstefnu Sveitarfélagsins. Forstöðumaður Menningarmidstöðvarinnar ber ábyrgð á framkvæmd hennar og skulu menningarstofnanir sveitarfélagsins hafa hana til hlidsjónar í stefnugerð þeirra.

- Til að tryggja framgang stefnunnar verður lögð fram tímasett aðgerðaáætlun til fjögurra ára þar sem ábyrgðarmenn eru settir fram og kostnaður er metinn.
- Stefnan skal metin og uppfærð eftir þörfum á tveggja ára fresti.
- Ef til breytinga kemur á umsýslu menningarmála sveitarfélagsins skal stefnan tekin upp og endurskoðuð með aðgerðaáætlun til hlidsjónar og þar farið yfir kostnað, orðalag og ábyrgð.

03 MENNINGARSTEFNA





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR